

Kaupfélag Vestur-Húnvetninga

Ársreikningur 2017

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3 - 4
Áritun skoðunarmanna	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7 - 8
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10 - 18

Kaupfélag Vestur-Húnvetninga svf.
Strandgötu 1
530 Hvammstanga
kt. 680169-1879

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Meginstarfsemi Kaupfélags Vestur-Húnavetninga felst í verslunarrekstri á sviði matvöru, sérvöru og byggingavöru.

Starfsemin á árinu

Heildarvelta félagsins nam 748,3 milljónum króna á árinu og tap ársins var 12,4 milljónir króna samanborið við 777,2 milljóna króna veltu og 24,6 milljóna króna tap á árinu 2016. Fjöldi ársverka á árinu voru 19.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að rekstur félagsins verði með svipuðu sniði árið 2018 og hann var á árinu 2017.

Jöfnun taps

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi jöfnun á tapi ársins.

Eignaraðild

Félagsmenn í árslok voru 399 í 6 félagsdeildum en voru 405 í ársbyrjun. Í samræmi við ákvæði laga um samvinnufélög hafa allir félagsmenn jafnan atkvæðisrétt og önnur réttindi þar sem stofnsjóður er eingöngu í A-deild.

Stjórn Kaupfélags Vestur-Húnavetninga og kaupfélagsstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 15. mars 2018

Stjórn

Kaupfélagsstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna Kaupfélags Vestur-Húnavetninga

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kaupfélags Vestur-Húnavetninga fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álots

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og kaupfélagsstjóra á ársreikningnum

Stjórn og kaupfélagsstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og kaupfélagsstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álti okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Áritun óháðs endurskoðanda, framhald

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum áliði. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Akureyri, 19. mars 2018

PricewaterhouseCoopers ehf

Vignir Rafn Gíslason
löggiltur endurskoðandi

Rúnar Bjarnason
löggiltur endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar og félagsmanna Kaupfélags Vestur-Húnavetninga

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Kaupfélags Vestur-Húnavetninga höfum yfirfarið ársreikning þennan. Að okkar áliti gefur hann glögga mynd af rekstri félagsins og fjárhagslegri stöðu í lok ársins 2017.

Við leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Hvammstanga, 19. mars 2018

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur			
Sala verslunardeilda		715.177.086	746.318.995
Sala afurða		3.997.293	4.675.647
Aðrar tekjur		29.109.589	26.210.347
		<u>748.283.968</u>	<u>777.204.989</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara		575.472.595	592.006.929
Laun og launatengd gjöld	16	136.982.589	129.613.189
Annar rekstrarkostnaður		44.491.947	41.895.192
Afskriftir	4	11.447.128	10.645.385
		<u>768.394.259</u>	<u>774.160.695</u>
Rekstrar(tap) -hagnaður		(20.110.291)	3.044.294
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	3	2.943.182	(595.430)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélagi	5	4.533.631	(26.585.131)
Tap fyrir skatta		(12.633.478)	(24.136.267)
Tekjuskattur	8	263.825	(493.052)
Tap ársins		<u>(12.369.653)</u>	<u>(24.629.319)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýr.	2017	2016
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstarfjármunir:	4		
Fasteignir		144.535.499	144.128.781
Vélar, áhöld og innréttingar		34.389.554	39.529.377
Bifreiðar		854.979	1.132.270
		<u>179.780.032</u>	<u>184.790.428</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	5	146.070.110	141.536.479
Eignarhlutir í öðrum félögum	6	8.613.715	7.645.837
Skuldabréf	7	2.370.663	2.903.705
Tekjuskattseign	8	4.804.794	4.540.969
		<u>161.859.281</u>	<u>156.626.990</u>
Fastafjármunir samtals		341.639.313	341.417.418
Veltufjármunir			
Birgðir	9	87.095.309	98.068.078
Skuldabréf	7	974.069	6.900.709
Viðskiptakröfur	10	141.015.633	117.320.692
Krafa á tengda aðila	15	1.070.225	26.531.985
Aðrar skammtímakröfur		14.224.885	14.208.970
Handbært fé		38.133.703	36.387.563
		<u>282.513.824</u>	<u>299.417.997</u>
Eignir samtals		<u>624.153.137</u>	<u>640.835.415</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Stofnsjóður félagsmanna		2.299.753	2.242.556
Lögbundinn varasjóður		574.938	560.639
Sjóður til stuðnings mjólkurframleiðslu		19.383.667	19.053.489
Menningarsjóður		254.426	282.292
Óráðstafað eigið fé		389.940.212	402.654.343
		<u>412.452.996</u>	<u>424.793.319</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Lán til lengri tíma en árs	12	28.456.172	32.521.341
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir	13	146.408.170	148.464.918
Aðrar skammtímaskuldir		28.926.462	29.144.663
Skuld við tengda aðila	15	3.844.168	1.846.007
Næsta árs afborganir langtímalána	12	4.065.168	4.065.167
		<u>183.243.969</u>	<u>183.520.755</u>
Skuldir samtals		211.700.141	216.042.096
Eigið fé og skuldir samtals		<u>624.153.137</u>	<u>640.835.415</u>
 Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar	14		
Aðrar upplýsingar	16		

Sjóðstreymi ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Veltufé (til rekstrar) frá rekstri:			
Tap ársins		(12.369.653)	(24.629.319)
Rekstraraliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	11.447.128	10.645.385
Aðrir liðir		(5.789.152)	26.982.607
		(6.711.677)	12.998.673
 (Hækkun) lækkun rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(23.710.856)	(9.775.170)
Birgðir		10.972.769	(1.012.577)
(Lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(2.274.949)	(10.034.662)
		(15.013.036)	(20.822.409)
Handbært fé (til rekstrar)		(21.724.713)	(7.823.736)
 Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	4	(6.436.732)	(7.162.117)
Kaupverð eignarhluta í félögum		(1.237.893)	(401.052)
Söluverð eignarhluta í félögum		1.237.893	829.985
Afborganir langtímakrafna		6.483.501	6.117.501
		46.769	(615.683)
 Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddar afborganir langtímaskulda		(4.065.168)	(4.065.167)
Lækkun (hækkun) krafna á tengda aðila		25.461.760	(23.070.591)
Hækkun skulda við tengda aðila		1.998.161	1.846.007
Aðrar breytingar		29.331	(84.382)
		23.424.084	(25.374.133)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		1.746.140	(33.813.552)
Handbært fé í ársbyrjun		36.387.563	70.201.115
Handbært fé í árslok		<u>38.133.703</u>	<u>36.387.563</u>
 Aðrar upplýsingar:			
Innborgaðar vaxtatekjur		9.915.301	7.855.393
Greiddir vextir		(8.093.957)	(8.699.588)

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Kaupfélag Vestur-Húnavetninga er samvinnufélag með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Strandgötu 1, 530 Hvammstanga.

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt settum reikningsskilareglum þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

1.3 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda.

1.4 Aðrar tekjur

Umboðslaun eru tekjufærð á grundvelli fyrirbyggjandi samninga. Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum og eignarhlutum í félögum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

1.5 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

1.6 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok ársins. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2018. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Skýringar

1.7 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir	25-50 ár
Áhöld og innréttingar	6-10 ár
Bifreiðar	6-10 ár

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

1.8 Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutar í félögum eru að jafnaði eignfærðir á kostnaðarverði.

Eignarhlutar sem tapast hafa vegna gjaldþrota, nauðasamninga eða eignaleysis viðkomandi félaga eru gjaldfærðir í rekstrarreikningi.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaganna eftir kaup færð í rekstrarreikning og hlutdeild í öðrum hreyfingum á eigin fé færð á sérstakan eiginfjárreikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í hlutdeildarfélögum. Hlutdeildarfélög eru félög þar sem félagið á að jafnaði milli 20 og 50% eignarhlut, eða hefur veruleg áhrif án þess að hafa bein yfirráð yfir þeim. Óinnleystum hagnaði vegna viðskipta milli félagsins og hlutdeildarféлага er eytt hlutfallslega miðað við eignarhlutdeild. Óinnleystu tapi er einnig eytt út hlutfallslega nema gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð. Hætt er að taka tillit til hlutdeilda í tapi hlutdeildarfélags þegar bókfært verð er núll nema félagið hafi gengist í ábyrgðir eða lánað hlutdeildarfélaginu.

1.9 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

1.10 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð ákvarðast samkvæmt fyrst inn, fyrst út aðferð (FIFO). Kostnaðarverð fullunninna vara og vara í vinnslu samanstendur af efni, beinum launum, öðrum beinum kostnaði og óbeinum framleiðslukostnaði en ekki vaxtakostnaði. Dagverð er áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu varanna og sölukostnaði.

Skýringar

1.11 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

1.12 Arður

Arður er færður í ársreikning þegar aðalfundur/hluthafafundur hefur samþykkt að greiða arðinn út.

1.13 Tekjuskattseign

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattalegu tapi tímabilsins og kemur til frádráttar á næstu reikningsárum, færist til eignar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsinneign. Mismunur þessi stafar af því að skattalegt tap samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en tap fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í ársreikningi en skattauppgjöri.

Reiknuð tekjuskattsinneign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar og yfirfærðs ónýtt skattalegs taps, er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur og að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattsinneign er metin með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. útlánaáhættu vegna krafna, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytingar. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

3. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Banka- reikningar	Langtíma- kröfur / skuldir	Aðrir liðir	Samtals 2017	Samtals 2016
Vaxtatekjur og verðbætur	311.932	395.160	9.168.631	9.875.723	7.919.135
Arður af eignarhlutum	0	0	147.200	147.200	147.200
Söluhagnaður eignarhluta	0	0	967.878	967.878	0
Vaxtagjöld og verðbætur	(2.711.891)	(2.105.630)	(3.230.098)	(8.047.619)	(8.661.765)
	(2.399.959)	(1.710.470)	7.053.611	2.943.182	(595.430)

4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig 2016:

	Fasteignir	Vélar, áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Bókfært verð 1/1	150.070.987	36.793.148	1.409.561	188.273.696
Viðbætur á árinu	0	7.162.117	0	7.162.117
Afskrifað á árinu	(5.942.206)	(4.425.888)	(277.291)	(10.645.385)
Bókfært verð 31/12	144.128.781	39.529.377	1.132.270	184.790.428

Bókfært verð í árslok 2016 greinist þannig:

Kostnaðarverð	251.454.587	134.322.986	2.310.757	388.088.330
Afskrifað samtals	(107.325.806)	(94.793.609)	(1.178.487)	(203.297.902)
Bókfært verð í árslok	144.128.781	39.529.377	1.132.270	184.790.428

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig 2017:

	Fasteignir	Vélar, áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Bókfært verð 1/1	144.128.781	39.529.377	1.132.270	184.790.428
Viðbætur á árinu	6.436.732	0	0	6.436.732
Afskrifað á árinu	(6.030.014)	(5.139.823)	(277.291)	(11.447.128)
Bókfært verð 31/12	144.535.499	34.389.554	854.979	179.780.032

Bókfært verð í árslok 2017 greinist þannig:

Kostnaðarverð	257.891.319	134.322.986	2.310.757	394.525.062
Afskrifað samtals	(113.355.820)	(99.933.432)	(1.455.778)	(214.745.030)
Bókfært verð í árslok	144.535.499	34.389.554	854.979	179.780.032

Fasteignir félagsins sundurliðast þannig:

	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Strandgata 1, 530 Hvammstanga	192.300.000	887.885.000	144.535.499

Vátryggingarverð véla, áhalda, innréttinga og bifreiða er 117,3 milljónir króna í árslok.

Skýringar

5. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutdeild í hlutdeildarfélögum greinist þannig:

	Eignarhlutdeild í lok árs	Nafnverð í lok árs	Bókfært verð í lok árs
Sláturhús KVH ehf, Norðurbraut 24, 530 Hvammstanga	50%	52.500.000	146.070.110

Breyting á hlutdeildarfélagi greinist þannig:

Staða 1/1	141.536.479
Hlutdeild í hagnaði	4.533.631
Staða 31/12	<u>146.070.110</u>

6. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutd. í %	Nafnverð í lok árs	Bókfært verð í lok árs
Ámundakinn ehf	0,5%	923.631	1.638.945
Brauð- og kökugerðin hf	50,0%	600.000	600.000
Fóðurblandan hf	0,4%	3.688.770	3.688.770
Húnakorn ehf	5,7%	125.000	125.000
Ístex hf	1,2%	736.000	736.000
Reykjahöfði ehf	25,0%	1.625.000	1.625.000
Selasetur Íslands ehf	3,0%	100.000	100.000
Selasigling ehf	3,9%	100.000	100.000
		<u>7.898.401</u>	<u>8.613.715</u>

7. Skuldabréfaeign

Afborganir af skuldabréfaeign og öðrum langtímakröfum í árslok 2017 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2018	974.069
Árið 2019	474.133
Árið 2020	474.133
Árið 2021	474.133
Árið 2022	474.133
Síðar	474.133
	<u>3.344.731</u>

Skuldabréfaeign, samtals 3,3 millj. króna kemur þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2018, færðar meðal veltufjármuna	974.069
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	<u>2.370.663</u>
	<u>3.344.731</u>

Skýringar

8. Tekjuskattsinneign

Breyting tekjuskattsinneignar á árinu greinist þannig:

Tekjuskattsinneign 1/1	4.540.969
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi	263.825
Tekjuskattur til greiðslu 2018 vegna 2017	0
Tekjuskattsinneign 31/12	<u>4.804.794</u>

Tekjuskattsinneign (-skuldbinding) greinist þannig á eftirfarandi liði:

	Staða 1.1.	Staða 31.12.
Varanlegir rekstrarfjármunir	(3.526.767)	(3.189.164)
Viðskiptakröfur	4.703.058	4.988.846
Gengismunur	4.865	0
Yfirfæranlegt tap	3.359.812	3.005.112
	<u>4.540.969</u>	<u>4.804.794</u>

Ekki kemur til álagningar tekjuskatts á árinu 2018 vegna ójafnaðra rekstartapa frá fyrri árum sem greinast þannig:

Tap ársins 2008, nýtanlegt til ársloka 2018	16.799.062
Tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027	15.025.557
	<u>31.824.619</u>

Reiknaður tekjuskattur félagsins af hagnaði fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

	2017	2016
Tap fyrir skatta	(12.633.478)	(24.136.267)
Reiknaður tekjuskattur miðað við 20% skatthlutfall	(2.526.696)	(4.827.253)
Skattfrjálslar tekjur (varanl. mism., hlutdeildartekjur og söluhagn. eignarhluta)	(1.100.302)	5.317.025
Ófrádráttarbær gjöld	3.360	3.280
Áhrif varúðarniðurfærslu vegna óvissu um nýtingu taps frá 2008	3.359.812	0
Reiknaður tekjuskattur í rekstrarreikningi	<u>(263.825)</u>	<u>493.052</u>

9. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	2017	2016
Kjörbúð	32.306.132	35.218.880
Byggingavörudeild	20.710.477	22.015.510
Pakkhús	34.078.700	40.833.687
	<u>87.095.309</u>	<u>98.068.078</u>

Vátryggingarverð birgða er 115,1 milljónir króna í árslok.

10. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	2017	2016
Viðskiptamenn	165.959.863	140.835.984
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(24.944.230)	(23.515.292)
	<u>141.015.633</u>	<u>117.320.692</u>

Skýringar

Viðskiptakröfur (frh)

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskipta- og skammtímakröfum í efnahagsreikningi. Breyting niðurfærslureikningsins greinist þannig:

	2017	2016
Staða 1/1	23.515.292	22.239.478
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu	0	(1.275.493)
Framlag í afskriftareikning, hækkun	1.428.938	2.551.308
Staða 31/12	24.944.230	23.515.292

11. Eigið fé

Breytingar á eiginfjárreikningum greinast þannig:

Stofnsjóður félagsmanna:	2017	2016
Staða 1/1	2.242.556	2.383.739
Greitt úr stofnsjóði	(4.312)	(207.812)
Vextir	76.915	83.316
Fjármagnstekjuskattur	(15.406)	(16.687)
	2.299.753	2.242.556

Annað eigið fé:

Lögbundinn varasjóður:

Staða 1/1	560.639	595.935
Millifært af (á) óráðstafað eigið fé	14.299	(35.296)
	574.938	560.639

Sjóður til stuðnings mjólkurframleiðslu:

Staða 1/1	19.053.489	18.663.878
Verðbætur	330.178	389.611
	19.383.667	19.053.489

Sjóðurinn var upphaflega 10 milljónir króna og er verðbættur frá þeim tíma sem hann var fullmyndaður. Tilgangur sjóðsins er stuðningur við mjólkurframleiðslu á svæði Kaupfélagsins. Verði Kaupfélagið lagt niður eða sameinað verður sjóðurinn í umsjón mjólkurframleiðenda í Húnaþingi vestra.

Eftirstöðvar lána úr sjóðnum til kvótakaupa í mjólkurframleiðslu voru í árslok engar.

Menningarsjóður:

Staða 1/1	282.292	225.491
Tillög í sjóðinn	222.134	306.801
Veitt fé úr menningarsjóði	(250.000)	(250.000)
	254.426	282.292

Óráðstafað eigið fé:

Staða 1/1	402.654.343	427.637.977
Verðbætur á sjóð til stuðnings mjólkurframleiðslu	(330.178)	(389.611)
Tap ársins	(12.369.653)	(24.629.319)
Millifært (á) af lögbundnum varasjóði	(14.299)	35.296
	389.940.212	402.654.343

Eigið fé samtals

	412.452.996	424.793.319
--	-------------	-------------

Skýringar

12. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

Í ISK, vextir 5,6%	32.521.340
	<u>32.521.340</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok 2017 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2018	4.065.168
Árið 2019	4.065.168
Árið 2020	4.065.168
Árið 2021	4.065.168
Árið 2022	4.065.168
Síðar	12.195.500
	<u>32.521.340</u>

Langtímaskuldir samtals 32,5 milljónir króna koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2018, færðar meðal skammtímaskulda	4.065.168
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	28.456.172
	<u>32.521.340</u>

13. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir greinast þannig:

	2017	2016
Viðskiptaskuldir, almennar	79.311.878	76.275.168
Skuldir við fyrirtæki og stofnanir	67.096.292	72.189.750
	<u>146.408.170</u>	<u>148.464.918</u>

14. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

Veðsetningar

Kaupfélagið hefur gefið út tryggingabréf til handa Landsbankanum hf. vegna skulda sinna að fjárhæð 50 milljónir króna með veði í fasteignum og tækjum.

Ábyrgðarskuldbindingar

Kaupfélagið hefur gengist í sjálfskuldarábyrgð til handa Landsbankanum að fjárhæð 18,3 milljónir króna vegna lána Reykjahöfða ehf.

Skýringar

15. Viðskipti við tengda aðila

Heildarviðskipti við hlutdeildarfélagið Sláturhús KVH ehf námu 14,0 milljónum króna.

	2017	2016
Krafa á tengda aðila sundurliðast þannig í árslok:		
Skuld við Sláturhús KVH ehf	(3.844.168)	(1.846.007)
Krafa á Reykjahöfða ehf	1.070.225	26.531.985
	<u>(2.773.943)</u>	<u>24.685.978</u>

Innifalið í skuldabréfaeign í árslok er skuldabréf á Sláturhús KVH ehf 502.151 6.416.758

Reykjahöfði ehf er í sameiginlegri eigu Kaupfélagsins (25%), Sláturhúss KVH ehf (25%) og annarra aðila (50%).

16. Aðrar upplýsingar

Starfsmannamál

	2017	2016
Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:		
Laun	112.374.015	107.197.638
Launatengd gjöld	24.608.574	22.415.551
	<u>136.982.589</u>	<u>129.613.189</u>

Hjá félaginu störfuðu að meðaltali 19 starfsmenn á árinu. Laun og þóknarir til stjórnenda námu 13,1 millj. kr.

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.